



**19. fundur
Öldungaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
5. maí 2022 og hófst hann kl. 12:00**

Fundinn sátu:

Karen E. Halldórsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Pétur Hrafn Sigurðsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergljót Kristinsdóttir, Þórarinn Þórarinsson, Sigurður Sigfússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ómar Kristinsson, Baldur Þór Baldvinsson, Amanda Karima Ólafsdóttir og Anna Klara Georgsdóttir.

Fundargerð ritaði: Anna Klara Georgsdóttir, Deildastjóri þjónustu- og ráðgjafardeildar aldraðra

Dagskrá:

Almenn mál - umsagnir og vísanir

1. 2204449 - Félagsmiðstöðvar aldraðra. Breyting á skipuriti.

Á fundi sínum þann 25.4. 2022 vísaði velferðarráð vísaði málinu til umsagnar öldungaráðs.

Formanni öldungaráðs var afhentur undirskriftalisti þar sem íbúar að Boðapingi mótmæla fyrirhuguðum breytingum. 137 einstaklingar skrifa undir listann.

Fulltrúar FEBK lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar Félags eldri borgara í Kópavogi í öldungaráði mótmælum eindregið öllum hugmyndum um þá breytingu að færa rekstur félagsheimilis eldri borgara í Boðapingi frá Kópavogsbæ yfir til Hrafnistu/Naustavara. Við minnum á að það er hlutverk öldungaráðs að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn svo og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni aldraða þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd þeirra og þróun. Sem fulltrúar í öldungaráði, hljótum við að mótmæla öllum hugmyndum og umræðum um breytingar á starfsemi eða umfangi félagsins án þess að félagið sjálft hafi þar aðkomu. Fækkun Félagsmiðstöðva eldri borgara úr þrem í tvær er vissulega stór ákvörðun. Í raun stórfurðulegt að slíkar hugmyndir séu til umræðu, án aðkomu Félags eldri borgara í Kópavogi.

Baldur Þór Baldvinsson

Ómar Kristinsson

Þórarinn Þórarinsson“

Karen E. Halldórsdóttir, Birkir Jón Jónsson og Bergljót Kristinsdóttir lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við hörmum að upplýsingar um samræður við Hrafnistu/Naustavör hafi borist íbúum í Boðapingi áður en málið var tekið fyrir í öldungaráði og löngu áður en nokkur ákvörðun hefur verið tekin. Velferðarráð vísaði málinu til öldungaráðs til umsagnar, samkvæmt réttu ferli mála, á síðasta fundi. Umsögn öldungaráðs átti svo að taka fyrir hjá velferðarráði áður en lengra yrði haldið.



Því var hvorki tímabært né á forræði Naustavara að upplýsa íbúa um að umræður væru í gangi á þessu stigi."

Í ljósi þess fjölda undirskrifa sem fyrir liggja og umræðna sem fram fóru á fundinum leggur öldungaráð til að viðræðum við Hrafnistu/Naustavör um mögulegar breytingar á rekstri félagsmiðstöðvar eldri borgara í Boðanum verði slitið.

2. 2204193 - Reglur Kópavogsbæjar um stuðnings- og stoðþjónustu

Drög að reglum um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fullorðið fólk lagðar fram til umsagnar.

Velferðarráð vísaði drögunum til umsagnar notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks og öldungaráðs á fundi sínum þann 11.4.2022.

Öldungaráð gerir engar athugasemdir við framlögð regludrög.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:09.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____